

## LÖG

### um breytingu á lögum nr. 6/2007, um Ríkisútvarpið ohf.

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 11. gr. laganna:

- a. Í stað orðsins „Tekjustofnar“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: Tekjur.
- b. Á eftir 1. málsl. 1. tölul. 1. mgr. kemur nýr málslíður, svohljóðandi: Gjaldið rennur í ríkissjóð.
- c. Í stað fjárhæðarinnar „14.580 kr.“ í 3. málsl. 1. tölul. 1. mgr. kemur: 17.200 kr.
- d. Við 2. mgr. bætast tveir nýir málslíðir, svohljóðandi: Í stað tíu gjalddaga skal gjalddagi einstaklinga vera einn, 1. ágúst ár hvert. Dragist framlagning álagningarskrár fram yfir 1. ágúst færist gjalddagi til fyrsta dags næsta mánaðar eftir framlagningu.
- e. 3. mgr. fellur brott.
- f. Fyrirsögn greinarinnar orðast svo: *Tekjur*.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009.

*Gjört á Bessastöðum, 29. desember 2008.*

**Ólafur Ragnar Grímsson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Forgerður Katrín Gunnarsdóttir.*